

Sannleiksprá

Friedrich Nietzsche

Þegar einn einstaklingur atti kappi við aðra einstaklinga við náttúrulegar aðstæður, notaði hann vitsmuni sína oftast til þess eins að villa á sér heimildir. En sökum þess að bæði nauðsyn og leiðindi knýja manninn til að lifa í samfélagi og hjörð, þarf hann á friðarsáttmála að halda til að forða að minnsta kosti hinu alversta bellum omnium contra omnes (Stríð allra gegn öllum). Friðarsáttmálinn hefur eitthvað í för með sér sem virðist eins og kveikjan að hinni dularfullu sannleikshvöt. Upp frá þessu er nefnilega fastmælum bundið hvað heita skuli „sannleikur“, það er að segja: Það verða fundin upp algild og skuldbindandi heiti yfir hlutina og lagasetning tungumálsins kveður á um frumlögmál sannleikans. Hér skapast nefnilega í fyrsta sinn andstæðan á milli sannleika og lygi. Það vakir í raun ekki fyrir fólki fyrst og fremst að forðast svik, heldur miklu fremur tjónið sem af svikum hlýst. Á þessu stigi málsins er það eiginlega ekki blekkingin sem fólk hatar, heldur hinar slæmu og fjandsamlegu afleiðingar ákveðinna tegunda blekkinga. Leit mannsins eftir sannleikanum eru svipuð takmörk sett: Hann girnist hinar þægilegu hliðar sannleikans sem auðvelda honum að draga fram lífið, honum stendur á sama um hreina áhrifalausar þekkingu og hann hefur meira að segja megnustu andúð á skaðlegum og spillandi sannleika.

Hvað er þá sannleikur? Ólgandi herskari myndhverfinga, nafnskipta, manngervinga, í stuttu máli sagt samsafn mannglegra tenginga sem hafa verið ýktar, yfirfærðar og skryddar af mikilli skáldskaparlist og málsnilld og hafa gegnum aldirnar öðlast fastan, löghelgan og bindandi sess á meðal þjóðanna.

Sannindi eru tálsýnir sem við höfum gleymt að eru tálsýnir, útjaskaðar og máttlausar myndhverfingar, máð skiptimynt sem er ekki lengur gjaldgengur málmur.

Einungis gleymskunnar vegna getur nokkur maður látið sér detta í hug að hafa höndlað sannleikann í þeim skilningi sem um var getið.

(Kafli úr ritgerð Friedrich Nietzsches „Um sannleika og lygi í ósiðrænum skilningi“. Ritgerðin birtist í heild sinni í þýðingu heimspekinganna Sigríðar Þorgeirsdóttur og Magnúsar Diðriks Baldurssonar í tímaritinu Skími vorið 1993)